



# SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

1350 & 21088 - FAX 98-22921 - KT. 480775-0159

Ath. nýtt heimilisfang:  
AUSTURVEGUR 56  
800 SELFOSSI

Alþingi  
Erindi nr. P 121/2110  
komudagur 12.5.197.

Selfossi 12.05.1997.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis,  
Steingrímur Sigfússon, formaður,  
Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri, v/Templarasund,  
150 Rvk.

Fax: 563 0610.

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 7. maí sl., var tekið fyrir erindi frá sjávarútvegsnefnd Alþingis, dags. 8. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 493. mál.

Stjórnin samþykkti að taka undir þau sjónarmið sem fram komu í meðfylgjandi samþykkt hreppsnefndar Ölfushrepps, dags. 3. mars sl.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS,

  
Þorvarður Hjaltason.



# ÖLFUSHREPPUR

SELVOGSBRAUT 2 · 815 PORLÁKSHÖFN · SÍMI 98-33800 · FAX 98-33536

Porlákshöfn 3. mars 1997

Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Hreppsnefnd Ölfushrepps lítur framkomin frumvarpsdrög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands mjög alvarlegum augum og telur að ef frumvarpið verði að lögum munu dragnótaveiðar frá Porlákshöfn svo gott sem leggjast af. Sem mun þýða atvinnumissir 300 til 400 starfsmanna í fiskvinnslu og um 100 sjómanna, komi ekki eitthvað annað til.

Það er forkastanlegt að á sama tíma og stjórnvöld í sjávarútvegi hvetja til nýtingar á ónýttum fisktegundum skuli vera stefnt að því að leggja í rúst fiskverkun sem hefur þróast í 10 til 12 ár og náð goðum árangri á erlendum mörkuðum, skapað mikla atvinnu og nýtt fyrst og fremst til þess fiskistofna sem hafa ekki verið nýttir áður. Það brautryðjandastarf sem útgerðarmenn dragnótarbáta hafa unnið, með nýtingu á áður ónýttum fiskistofnum samanber Stórkjöftu, Langlúru, Skráp og Sandkóla (sjá meðfylgjandi línurit) hefur einhverra hluta vegna ekki notið skilnings ráðamanna, þrátt fyrir yfirlýsingu um annað. Um er að ræða tug þúsunda tonna af flatfiski sem ekki var nýttur að neinu leiti fyrir 1986 svo og öflug atvinnugrein í sjávarútvegi sem hefur skapað ómæld atvinnutækifæri og gjaldeyri fyrir þjóðarbúið.

Ekki verður annað séð en að framkomnar tillögur byggja á þekkingarleysi á því þróunarstarfi sem unnið hefur verið í nýtingu á flatfiski og stjórnvöld hafa kvatt til.

Hreppsnefnd Ölfushrepps treystir því að mál þessi verði skoðuð að raunsægi og þekkingu, en ekki verði flanað að ákvörðunum, sem eiga eftir að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Virðingarfyllt

Guðmundur Hermannsson  
sveitarstjóri Ölfushrepps

Afrit:  
Þingmenn Suðurlands  
Félag dragnótaveiðimanna